

# OPIN KERFI

## FRÉTTABRÉF

3. tbl. 17. árg.

Ágúst 2006

# HP lækkar rekstrarkostnað

Hægt er að ná fram verulegum sparnaði með nýrri kynslóð HP BladeSystem. Með kerfinu má spara pláss, kæli- og rekstrarkostnað. Þannig fæst mun betri nýting vinnslutíma, minni viðhaldskostnaður og öll umsýsla verður einfaldari. Það er fróðlegt að hugsa til þess að menn eyða iðulega 80% af fjárhagsáætluninni fyrir tölvukerfi, í rekstur þeirra, en ekki nema 20% í tölvukaup. Rekstrarkostnaðinn, sem er talinn í vinnustundum og beinhörðum peningum, má m.a. rekja til allra þeirra viðbóta, breytinga, uppfærsla, lagfæringa, viðhalds og nýbreytni innan upplýsingatæknigeirans, sem stöðugt verður vart. Nú má með óverulegum stofnkostnaði kaupa HP BladeSystem og lækka rekstrarkostnað verulega.



Hluti af Blade teymi Opinna kerfa, frá vinstri: Hjalti Ævarsson, sérfræðingur á Ráðgjafar- og þjónustusviði, Arnar Þór Kjærnsted, viðskiptastjóri á Sölusviði, og Gunnar Þór Friðleifsson, viðskiptastjóri á Sölusviði.

### Hagræðing, skilvirkni, einföldun

„Þegar litlið er til þess hvað það þarf að verja miklum tíma og fé í grundvallarþætti kerfa, svo sem endurbætur, eftirlit og uppsetningu, sjá menn í hendi sér að það er enginn tími aflögu til að innleiða nýjan hugbúnað og þjónustu til að efla fyrirtækið. Þar kemur HP til sögunnar. Með BladeSystem tækni HP, sem felst í skynsamlegri einingahönnun, snýst dæmið við,“ segir Gunnar Þór Friðleifsson, viðskiptastjóri hjá Opnum kerfum.

Fyrir fyrirtæki sem leitast í sífellu við að veita skilvirkari þjónustu, með minni tilkostnaði og hagræðingu í huga, er hin nýja kynslóð HP BladeSystem svarið. HP er leiðandi í þróun og framleiðslu blade-kerfa. Með tilkomu þess hefur tækni- og tölvuumhverfi jafnt stórra sem litilla fyrirtækja einfaldast og skilvirkni aukist fyrir tæknimenn, viðskiptavinum og stjórnendum.

### Endalausir möguleikar í einingum

Í BladeSystem má finna netþjóninn (server-blade), gagnageymsluna (storage-blade, sem er nýjung), afl og kælieiningar, tengibúnað á borð við LAN, SAN og Infiniband og innbyggðan stjórnþúnað sem býður umsjónarmanni upp á fjarræna stjórnun (virtual KVM og iLO2) sem gerir kleift að breyta einingum og uppfæra þær t.d. í gegnum vafra og þarf ekki lengur að vera á staðnum.

„HP BladeSystem er uppbyggt af einingum sem auðvelt er að bæta við. Það mætti líkja því við skjalaskáp sem hægt er að bæta í gagnamöppum eða jafnvel sjálfskeiðung með ýmiss konar hagnýtum áhöldum og verkfærum. Ekki þarf að kalla á utanaðkomandi sérfræðinga til verksins þegar búið er að setja kerfið upp,“ segir Gunnar.

## Vissir þú?

- Fyrir hver 2 vött af orku búnaðar þarf 1 vatt af kælingu
- Hvert blað á HP BladeSystem er að nota u.þ.b. 100 vöttum minna en sambærilegur rekka netþjónn
- HP býður StorageBlade fyrir BladeSystem

HP BladeSystem stæðan inniheldur tengingar fyrir LAN og SAN á sama stað sem sparar mikinn tíma og umstang þegar nýjum netþjónum er bætt við kerfisumhverfið. Einnig getur hún séð um að hýsa öll gögnin og ef álag eykst er auðvelt fyrir kerfisstjóra að bæta við minni, úthluta geymslurými og auka pláss eftir þörfum í miðlæga stýrihugbúnaðinum.

### Allt á einum stað

„Forsvarsmenn HP gera sér grein fyrir því að allir þættir kerfisins, eins og LAN og SAN, verði að vinna vel saman. Þættir kerfa eru oft samofnir og geta því verið viðkvæmir fyrir breytingum hvers annars. Þess vegna hefur HP einfaldað tengingar inn í BladeSystem þannig, að hægt er að úthluta sýndartengingum til einstakra blaða innan hennar. Höfuðverkir kerfisstjóra vegna snúra heyrja því sögunni til, þar sem BladeSystem gerir allar tengingar miðlægar. Það má bæta því við að hönnun kerfisins hefur tilfinnanlega leitt til lægri kostnaðar en hefðbundnar skápalausnir,“ segir Gunnar og bætir því við að ekki þarf lengur að tengja hvern netþjón fyrir sig við Ethernet, SAN, eða önnur tengikerfi, heldur úthluta kerfisstjórar sýndartengingum úr stýrihugbúnaði. BladeSystem notar líka hina nýju HP Thermal Logic tækni sem þarfnast minna rafmagns en áður. Þá er rétt að benda á að með HP Active Cool og PARSEC tækninni eykst kæligeta á sama tíma og útgjöld vegna kælikostnaðs minnka. Þessi samþjöppun er ný af nálinni því BladeSystem sameinar á einum stað netþjón, gagnageymslu, netbúnað, afl/kælingu og stjórnþúnað.

Rekstrartekjur OKG  
vaxa um 14,5%  
milli ára

Uppitími á prenturum  
nánast 100%

Tölvuvæðing skóla á  
Seychelleseyjum í Afríku

Alrekstur hjá  
Alfesco hf.

Skólarnir velja  
HP dx5150

bls 2

bls 3

bls 4

bls 5

bls 7

## Frá forstjóra



Um þessar mundir eru 25 ár frá því að einkatölvan kom fyrst á markað, en hún varð mjög fljótt áberandi í allri tölvuvinnslu varðandi rannsóknir og viðskipti. Hún fékk líka stöðu á

heimilum (heimilistölvan), og með tilkomu vefsins er hún lykkillinn að t.d. ferðalögum, bankaviðskiptum og verslun fyrir heimilin. Miðaldra fólki og eldra finnst þetta vera ótrúlegar tækni framfarir og margir nálgast þessa tölvuvæðingu með varúð.

Einhvern tíma var sagt að fólki myndist sú tækni sem kemur fram eftir eigin fæðingu vera hátækni og aðlögun að henni vera erfið. Hitt er þá væntanlega líka rétt að fólki yngra en 25 ára finnst þessi tölvuvæðing alveg sjálfsögð, tölvan er þeim persónuleg og það á ekki í neinum vandræðum með að beita tækninni til að ná þeim lífsgeðum sem það kýt. Fleiri og fleiri sjá heiminn í gegnum tölvuskjá, hvort sem það er fyrir upplýsingar, samskipti, viðskipti eða dægradvöl. Þessir tölvunotendur eru kröfuharðari um aðgengi, hraða og þess háttar en fyrri kynslóðir, og því þarf tæknin „bak við tjöldin“ að bregðast við.

Ekki átta allir sig á því að tæknin „bak við tjöldin“ er í sífelldri endurnýjun og framfarir þar eru sennilega meiri en orðið hafa á einkatölvunni sjálfri síðustu áratugi. Gagnamagn bæði í umferð og í geymslu hefur margfaldast, og kröfur um öryggi stóruaust á sama tíma og aðgengi allra hefur aukist. Því hefur fjöldi tölvuþjóna og gagnageymslna (diska) margfaldast auk þess sem geta hvers tækis fyrir sig hefur vaxið verulega. Sem betur fer hefur tæknin sem notuð er til umsjónar með þessum kerfum stórbatnað á sama tíma, annars væri óvinnandi vegur að reka þessi stóru kerfi.

Opin kerfi hafa verið þátttakandi í þessari þróun hvað varðar einkatölvuna sjálfa og nettengingar heimilanna. Vöruframboð Hewlett-Packard er sterkt um þessar mundir, ekki síst hvað varðar fartölvurnar, en einkatölvan er meira og meira að færast í það form. Opin kerfi eru ekki síður mikilvæg á Íslandi fyrir þá sem reka stærri tölvukerfi sem eru „bak við tjöldin“ t.d. í bönkum, verslunum eða opinberri stjórnsýslu og eiga þátt í að gera einkatölvunotendum kleift að nýta sínar tölvur til fulls. Þarna skiptir mestu máli þekking starfsmanna og reynsla. Opin kerfi eru staðráðin í því að vera áfram í fremstu röð hvað varðar þekkingu starfsmanna sem nýtt er til að hanna, byggja og reka stóru tölvukerfin sem eru „bak við tjöldin“ og gerir almenna tölvunotkun í landinu mögulega.

Gylfi Arnason

# Rekstrartekjur Opin Kerfi Group hf. vaxa um 14,5% milli ára

Heildarvelta Opin Kerfi Group á fyrri helmingi ársins 2006 var 6.452 milljónir króna, samanborið við 5.635 milljónir á sama tíma í fyrra. Um 74% teknanna eiga nú uppruna sinn í erlendri starfsemi félagsins en 68% á sama tíma í fyrra. 75% tekna eru frá sölu vél- og hugbúnaðar en 25% eru þjónustutekjur. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 143 milljónir króna, samanborið við 177 milljónir króna árið áður, en lækkingin er aðallega vegna breytinga á niðurstöðunni í Danmörku á milli ára. Forráðamenn félagsins gera þó ráð fyrir að EBITDA ársins í heild verði töluvert meiri en á fyrra ári. Þekktar árstíðabundnar sveiflur í rekstrinum gera það að verkum að þriðji árs hluti er ávallt slakur, en síðasti fjórðungur sterkur, sem skilar þá seinni árs helmingi sem er að öðru jöfnu töluvert betri en sá fyrri.

Hagnaður samstæðunnar eftir skatta var 46 milljónir króna á tímabilinu, en var á fyrra ári 86 milljónir króna. Eigdi fé félagsins er 1.750 mkr., eiginfjárluþáttur er 31% og arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli var 6,3%. Fjöldi starfsmanna er um 450.

## Af dótturfélagunum

Opin Kerfi Group hf. samanstendur af móðurfélaginu, tveimur eignarhaldsfélagum og þremur rekstrarfélögum sem eru: Opin kerfi ehf., Kerfi AB í Svíþjóð og Kerfi A/S í Danmörku.

Horfur í Svíþjóð eru á að tekjur á síðari árs hluta muni áfram aukast miðað við fyrra ár, og að afkoman muni verða betri en í fyrra.

Forstjóri Kerfi AB er Anders Fredholm, en hann tók við af Anders Grönlund í febrúar síðastliðnum.

## OPIN KERFI

Kerfi

### Opin kerfi ehf.

Velta Opinna kerfa ehf. hefur aðeins dregist saman milli ára, er nú 1.691 milljón króna en var á fyrri helmingi síðasta árs um 1.786 milljónir. Samdrátturinn er nokkuð jafn milli sviða. EBITDA hagnaður nú er rúmar 105 milljónir króna, sem er í samræmi við áætlanir, en var fyrir sama tímabil í fyrra tæpar 118 milljónir.

Forstjóri Opinna kerfa ehf. er Gylfi Arnason, en Agnar Már Jónsson sagði starfi sínu lausu í júní síðastliðnum.

Kerfi

### Kerfi AB

Velta Kerfi AB í íslenskum krónum talin, hefur aukist á milli árs helminga úr 3.350 milljónum króna 2005 í 3.502 milljónir króna nú. Vörsalan hefur nánast staðið í stað milli ára og vöxturinn því komið fram í þjónustutekjum. EBITDA hagnaður hefur aukist lítillega á milli ára, úr 69 milljónum króna í fyrra í 70 milljónir króna í ár.

Samdráttur í vörsölu var töluvert á árinu 2005, og var því mætt með niðurskurði í kostnaði við vörsölu, sem nú er að skila sér. Hluti af vextinum í þjónustutekjum kemur frá rekstrarþjónustu (outsourcing) tölvukerfa sveitarkfélaga, en það hefur krafist mikils upphafs-kostnaðar sem gjaldfærður er jafnharðan. Afkoman af þjónustustarfsemi mun því batna mjög á síðari hluta ársins og til frambúðar.

### Kerfi A/S

Kerfi A/S hefur vaxið mikið milli ára. Velta í íslenskum krónum á fyrri árs helmingi nú er 1.260 milljónir en var á sama tímabili í fyrra 504 milljónir. Aukningin er að mestu tilkomin vegna kaupa og samruna tveggja fyrirtækja á seinni hluta síðasta árs. Meðal starfsmanna í þeim yfirtökum voru þrjú millistjórnendur sem sögðu allir upp í janúar síðastliðnum. Sameining fyrirtækjanna hefur því ekki gengið sem ætlað var og er það ein skýringin á því að EBITDA á fyrri helmingi ársins er neikvæð um 18 milljónir króna en var jákvæð í fyrra um 21 milljón króna. Einnig má nefna að danski markaðurinn hefur einkennst af grimmi verðsamkeppni sem m.a. hefur dregið stór fyrirtæki í upplýsingatækninni í gjaldþrot.

Nú er búið að manna stjórnunarstöðurnar með nýju fólki og sameiningarferli að mestu lokið. Því er gert ráð fyrir mun betri afkomu á síðari helmingi ársins, en á þeim fyrri.

Forstjóri Kerfi A/S er Carsten Egeberg.

Árshlutareikninginn í heild sinni, með nánari skýringum og sundurliðunum, má finna á heimasíðu félagsins, [www.okg.is](http://www.okg.is).

Í stjórn Opin Kerfi Group hf. sitja Gunnlaugur M. Sigmundsson, formaður, Skúli Valberg Ólafsson varaformaður, Bjarni Birgisson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Örn Karlsson.

# Uppitími á prenturum nánast 100%

Orkugarður við Grensásveginn í Reykjavík hýsir nokkrar af helstu stofnunum í orku og umhverfisfræðum landsins. Í Orkugarði hafa Orkustofnun, Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR), Vatnamælingar, Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna auk Reiknistofu í veðurfræði höfuðstöðvar sínar og nýta sameiginlega þjónustu, þar með talið tölvukerfi.

Orkugarður er með alrekstrarsamning á prentumhverfi hjá Opnum kerfum. Að sögn Jóhanns Kristjánssonar kerfisstjóra var skipt út gömlum prenturum, ljósritunarvélum og skönnum og í staðinn tekin inn ný fjölnotatæki sem voru sett í alrekstur. „Við erum með blandað umhverfi,“ segir Jóhann. „Við erum með um 20 prentara frá HP sem við erum með í almennum rekstri, en í alrekstri erum við með stærstu og „þyngstu“ prentarana.“

## Af hverju alrekstur?

Jóhann sagði alrekstur á prenturum minnka vinnu kerfisstjóra er varðar rekstur prentara auk þess sem umhverfið var einfaldað og notendur fá betri þjónustu. „Þetta samstarf hefur gengið alveg frábærlega. Okkar utanumhald í kringum prentara er orðið hverfandi lítið, hefur dottið nánast niður í ekki neitt, sem er að sjálfsögðu mjög þægilegt,“ segir Jóhann.

## Stafrænn myndsendir

Eins og að framan greinir, þá skipti Orkustofnun út bæði ljósritunarvélum og skönnum fyrir fjölnotatæki. Orkustofnun, Vatnamælingar og ÍSOR gefa út mikið af efni, svo sem umsagnir, skýrslur, jarðhitarannsóknir, jarðfræði, efnagreiningar o.s.frv. Jóhann segir notendur núna auk þess að prenta út skýrslur geta skannað gögn inn og sent þau síðan með tölvupósti annað hvort á pdf, jpg eða gif formi á einfaldan hátt beint frá fjölnotatækjunum. „Þá geta þeir sent rafræn skjöl hvert sem er.



Jóhann Kristjánsson kerfisstjóri hjá Orkustofnun við HP prentara sem Orkustofnun er með á alrekstrarsamningi hjá Opnum kerfum.

Einnig eru hér tæki með innbyggðu faxi til enn frekari þæginda.”

## Hver er ávinningurinn?

Jóhann sagði ávinning af alrekstri margþættan. „Hér eru starfsmenn oft að vinna um helgar og utan hefðbundins vinnutíma. Við gefum út mikið af skýrslum og öðru prentuðu efni. Áður stoppuðu þessir prentarar oft vegna almenns viðhalds, bilana eða þá að það vantaði til dæmis tóner. Þá þurfti að leita að því út um allan bæ,“ segir Jóhann. „Nú eru þessi tæki alltaf í lagi og tilbúin og samkvæmt alrekstrarsamningnum þá eru Opn kerfi með

ákveðinn lager af tóner hjá okkur, sem við kaupum ekki inn, heldur er geymdur á staðnum. Síðan greiðum við fyrir hverja blaðsíðu sem við prentum út. Þannig að uppitíminn á prenturum er orðinn nánast 100% auk þess sem kostnaðarvitund eykst.“

[www.os.is](http://www.os.is)



Þeir sem komu að alrekstrarsamningi DHL á símkerfi þeirra. Frá vinstri: Halþór Hilmarsson sérfræðingur á Ráðgjafar- og þjónustusviði Opinna kerfa, Margrét Ólafsdóttir viðskiptastjóri þjónustusamninga á Ráðgjafar- og þjónustusviði Opinna kerfa og Haukur Óskarsson þjónustustjóri DHL.

## Símkerfi á alrekstri

DHL skrifaði nýlega undir samning við Opn kerfi um alrekstur á símkerfi með þjónustuveri. Þegar kom að því að uppfæra símkerfið ákvað DHL að velja alrekstur hjá Opnum kerfum. Haukur Óskarsson, þjónustustjóri hjá DHL, sagði alrekstur hafa orðið fyrir valinu, þar sem DHL er alþjóðlegt fyrirtæki sem gerir miklar kröfur um uppitíma og góða þjónustu. „Við þurfum að standa undir ströngum kröfum sem gerðar eru til okkar varðandi þjónustu í síma og því varð Cisco búnaður og sú þjónusta sem er í boði í alrekstri Opinna kerfa fyrir valinu.“ Innifalið í samningum er uppsetning, leiga á búnaði og almennur rekstur.

[www.dhl.is](http://www.dhl.is)



# Tölvuvæðing skóla á Seychelleseyjum í Afríku

Opin kerfi tóku þátt í samstarfi íslenskra fyrirtækja, Námsgagnastofnunar og UNESCO um að gera börnum og kennurum á Seychelleseyjum í Indlandshafi kleift að nota tölvur í námi. Verkefnið hófst síðasliðinn vetur og nú þegar hafa verið settar upp tölvur í fimm skólum eða alls tæplega 100 tölvur af þeim 230 sem sendar voru. Tölvurnar eru gjöf hafnafirskra barna til seychelleskra barna.

Aðdragandi þessa verkefnis er sá að Guðmundur Hólmsteinnsson starfsmaður Íslenskra aðalverktaka fór til Seychelleseyja með eigin konu sinni fyrir tveimur árum og varð mjög hrifinn af staðnum. „Við fórum aftur ásamt 13 ára dóttur okkar sl. nóvember og þar sem hún hafði fengið frí í skólanum heima fékk hún leyfi til að sitja í tvo daga í skóla á eyjunni. Ég bað um að fá að skoða tölvuverið í skólanum en þetta er 800 manna skóli. Í tölvuverinu voru sex gamlar tölvur og aðeins ein virkaði,“ segir Guðmundur en hann vinnur í tölvudeild Íslenskra aðalverktaka. „Ég frétti að vegna gjaldeyrisskorts væri ekki áætlað að skipta út tölvunum eða kaupa nýjar. Þá fór ég að velja því fyrir mér hvort ekki væri hægt að senda notaðar tölvur frá Íslandi til eyjanna, því ég veit að oft þarf ekki að uppfæra mikið eldri tölvur til að koma þeim aftur í gott horf.“ Guðmundur fundaði síðan með fulltrúa menntamálaráðherra Seychelleseyja sem leist vel á hugmyndina og bað um að formlegu sambandi milli ráðuneyta yðri komið á, sem var gert og var utanríkisráðuneytið hér heima Guðmundi innan handar.

## Börn í Hafnarfirði gefa börnum í Seychelleseyjum tölvurnar sínar

Þegar Guðmundur kom heim hafði hann samband við Víglund Pétursson viðskiptastjóra

sinn hjá Opnum kerfum. Á þeim tíma var Hafnarfjarðarbær að endurnýja allar tölvur í skólum og á skrifstofum bæjarins. „Víglandur kom á sambandi við Hafnarfjarðarbæ og við fengum frá þeim um 350 tölvur, þar af voru 200 nothæfar,“ segir Guðmundur. „Hugmyndin er sú að börnin í Hafnarfirði eru að gefa börnunum á Seychelleseyjum tölvurnar sínar, við erum bara milliliðir.“

## Tæknimenn frá Íslandi sáu um uppsetningar

Að sögn Guðmundar voru tveir gámar með um 230 tölvum komnir til Seychelleseyja þegar tæknimennirnir mættu þann 29. maí sl. „Búið var að koma tölvunum fyrir í húsnæði menntamálaráðuneytis eyjanna og hófst vinna við uppsetningu í fimm fyrstu skólana strax daginn eftir.“ Auk Guðmundar voru í uppsetningarhópnum Örn Svavarsson tæknimaður frá Opnum kerfum, Margeir Reynisson frá Hafnarfjarðarbæ, Halldór Guðmundsson frá Skýrr, Valgeir Ólafsson frá Microsoft og Erik Ágústsson frá ÍAV. Hópnum til aðstoðar voru starfsmenn ráðuneytisins og gengu uppsetningar og tengingar vonum fram. „Á fjórum dögum náðum við að klára 4 skóla með 16-18 tölvur í hvern skóla. Sá fimmti er á eyjunni Praslin, um klukkustundar sigling frá Mahe sem er stærsta eyjan og var þeirri vinnu lokið 6. júní. Seinni vikan fór síðan í að þjálfa innlenda



tæknimenn í að viðhalda tölvunum og sjá um áframhaldandi uppsetningu í skólum.“

## Athöfn á degi barnanna

Á degi barnanna, „Children's day“ 1. júní, var athöfn í grunnskólanum í Port Glaud sem er sá skóli sem er lengst frá höfðuborginni Victoriu og því valinn til að vera sá fyrsti til að fá tölvur. Menntamálaráðherra Mr. Danny Faure sagði við þá athöfn að þetta væri sögu-



Erik Ágústsson frá ÍAV aðstoðar nemandu í tölvuvinnslu.

legur dagur fyrir þjóðina og þakkaði stuðningsaðilum sérstaklega fyrir aðstoðina. Guðmundur afhenti ráðherra tölvurnar formlega ásamt bók um Hafnarfjörð áritaðri af bæjarstjóra Hafnarfjarðar, Lúðvík Geirssyni.

## Frá litilli eyju í norðri

„Þessi aðstoð okkar við þessa litlu þjóð er þeim mjög mikilvæg. Ekki bara það að fá þennan búnað fyrir börnin sem ekki stóð til að fengju tölvur í sína skóla á næstu árum heldur líka vegna þess að þessi sending kemur frá lítilli eyju í norðri sem þeir varla vissu að væri til. Stofnuð hafa verið samtök til að sinna þessu verkefni áfram og kallast þau Þróunarsamvinnufélag Íslands og Seychelles eða „Iceland Seychelles Development Group,““ segir Guðmundur. Menntamálaráðherra Seychelles, Mr. Danny Faure og Guðmundur undirrituðu viljayfirlýsingu um áframhaldandi stuðning við tölvuvæðingu grunnskóla eyjanna.

Síðar á þessu ári fer næsti hópur til að þjálfa þarlenda kennara í notkun tölva við gerð kennsluefnis. Hildigunnur Halldórsdóttir frá Námsgagnastofnun mun leiða þá vinnu og fær til liðs við sig valda kennara frá Hafnarfirði og Reykjavík.



Ánægðir nemendur í tölvuveri skóla í Seychelleseyjum í Afríku.

# Alrekstur hjá Alfesca hf.



Alfesca er leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðssetningu á tilbúnum réttum og hátíðarmat. Alfesca hf. rekur verksmiðjur í Frakklandi, Bretlandi og á Spáni. Alfesca hf. rak eigin tölvudeild þar til fyrir tæpum tveim árum þegar hluti af fyrirtækinu var seldur, þar á meðal tölvudeildin. Samkomulag var um að tölvudeildin héldi þó áfram að þjónusta Alfesca þar sem þeir voru í sama húsnæði og fyrirtæk-in gátu samnýtt marga hluti.


## Völdum fyrirtæki sem sérhæfir sig

Að sögn Brynju Guðmundsdóttur forstöðumanns hagdeildar var farið á stúfana að leita að þjónustuaðila til að sjá um tölvumál Alfesca þegar þetta fyrirtæki flutti í annað húsnæði. „Það var aldrei inn í myndinni að ráða okkar eigin starfsmann í upplýsingatækni. Okkur fannst ekki annað koma til greina en að fá fyrirtæki sem sérhæfir sig í þessum málum,“ segir Brynja. „Við völdum það að hafa allan búnað hjá okkur, þótt við hefðum getað úthýst

netþjónum okkar til þjónustuaðila. Við skoðuðum nokkur fyrirtæki og fyrir valinu varð Opin kerfi.“

## Þjónustuaðili með breiðan hóp sérfræðinga

Brynja segir öll samskipti við Opin kerfi hafa verið til fyrirmyndar. „Við erum mjög ánægð með þjónustuna og okkar tengiliður hefur verið ótrúlega þjónustulipur. Auðvitað hafa komið upp vandamál við það að koma starfandi fyrirtæki í nýtt tölvuumhverfi en ekki meiri en hefðu komið þótt við hefðum haft okkar eigin tölvudeild. Sennilega minni þar sem okkar þjónustuaðili hefur breiðan hóp af sérfræðingum á bak við sig,“ sagði Brynja að lokum.



Brynja Guðmundsdóttir, forstöðumaður hagdeildar Alfesca hf., en fyrirtækið undirritaði á dögnum alrekstrarsamning við Opin kerfi.

[www.alfesca.is](http://www.alfesca.is)

# Sparnaður með leigusamningum og Microsoft nýjungar

**Microsoft**  
**GOLD CERTIFIED**  
Partner



Íris Kristjánsdóttir Microsoft sölusérfræðingur á Sölusviði Opinna kerfa.

Íris Kristjánsdóttir er Microsoft sölusérfræðingur hjá Opnum kerfum, en Opin kerfi bjóða viðskiptavinum upp á heildarleigusamninga frá Microsoft eða „Open Value Subscription“ sem er ódýrasta leiðin fyrir fyrirtæki til að tryggja sér aðgang að nýjasta hugbúnaði fyrir allan tölvubúnað fyrirtækisins. Hugbúnaðartrygging eða uppfærsluþrygging er innifalinn í samningnum.

## Breytilegar þarfar

Annar kostur við þessa leið að mati Írisar er að útgjöld dreifast yfir tímabil samningsins og verða því hluti af föstum kostnaði. „Greiðslur eru árlegar og miðast við fjölda útstöðva sem fyrirtæki hefur í notkun og getur fyrirtæki fjölgað eða fækkað útstöðvum eftir þörfum en að-

eins er talið einu sinni á ári. Þetta minnkar hættuna á að sitja uppi með leyfi sem ekki eru í notkun en fyrirtæki þurfa að lágmarki fimm útstöðvar til að geta gengið inn í slíkan samning,“ segir Íris. „Einnig má nefna að Office heimaleyfi fyrir starfsmenn fylgja og getur umtalsverður sparnaður falist í því. Þessi leið er tvímælaust sú leið sem er þægilegust og hagstæðust til að tryggja að fyrirtæki séu með öll sín leyfismál á hreinu.“

## Small Business samningar - frábær lausn fyrir minni fyrirtæki

Íris segir þau fyrirtæki sem hafa á bilinu 5 - 50 útstöðvar geta nýtt sér Small Business Server (SBS) og velja þá Small Business samning sem inniheldur Microsoft Office Small Business útgáfu, Windows Small Business Server notendaleyfi og Windows XP Professional uppfærslu. „SBS hjálpar minni fyrirtækjum að halda utan um netkerfi sín og gera þau öruggari, til dæmis með verndun viðkvæmra upplýsinga um viðskipti og viðskiptavini fyrirtækisins. Þetta auðveldar stjórnendum minni fyrirtækja daglegan rekstur þar sem þeir þurfa ekki að eyða tíma í tæknileg atriði heldur geta einbeitt sér að viðskiptalegum hlíðum rekstursins,“ segir Íris.

## Öruggara Windows stýrikerfi

Windows Vista stýrikerfið mun þjóna þörfum fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. „Fyrir minni og millistór fyrirtæki inniheldur Windows Vista Business nýja tækni sem tryggir að tölvur fyrirtækisins gangi almennt snurðulaust,“ segir Íris. „Sem dæmi um þetta má nefna innbyggða vörn gegn fjandsamlegum hugbúnaði og viðvörn um yfirvofandi bilun í vélbúnaði sem mun berast fyrirtækinu löngu áður en hættu er á að mikilvæg gögn glatist. Auk þessa mun ný afritunartækni hjálpa fyrirtækjum að verja gögn sín, jafnvel í þeim tilvikum þar sem vélbúnaður gefur sig. Þetta kemur minni fyrirtækjum sem ekki eru með eigin upplýsingatæknideild vel þar sem erfiðara getur verið fyrir þau að koma auga á hættur og miklu álagi er oft hægt að létta af stjórnendum. Miklir fjármunir geta sparast svo ekki sé talað um tíma starfsmanna.“

## Office 2007 - gjörbreytt útlit og nýir eiginleikar

Íris segir Microsoft Office vera orðinn mun yfirgripsmeiri hugbúnaður en áður þó hann byggir alltaf á kjarnanum sem flestir þekkja. „Útlitinu hefur verið gjörbreytt og hinar hefðbundnu flettilmyndir sem fólk kannast við í Word, Excel, PowerPoint og Access hafa vikið fyrir flipum sem gera alla valmöguleika sýnilegri. Notkunin verður því mun einfaldari og fljótlegri en áður. Einnig má nefna að Outlook er búið að betrubæta síur gegn ruslpósti og Office Publisher gerir fyrirtækjum kleift að hanna allt sitt auglýsingaefni sem getur sparast þeim stórfé,“ segir Íris að lokum.

## Nýir starfsmenn

### Anna Lovísa Þórsdóttir

er nýr starfsmaður á Ráðgjafar- og þjónustusviði. Hún mun sjá um sölu og utanumhald samninga. Anna Lovísa bjó í Bandaríkjunum síðastliðin sjö ár, þar sem hún starfaði og stundaði nám. Hún er með MBA gráðu í alþjóðaviðskiptum og B.Sc. gráðu í markaðsfræðum. Hún starfaði áður við ráðgjöf og þjónustu á sviði fjármála hjá Lion's Share Financial.



### Ármann Veigar Guðgeirsson

er hugbúnaðarsérfræðingur á Microsoft lausnasviði. Ármann útskrifaðist með B.Sc í tölvunarfræði frá HR vorið 2004 og starfaði áður hjá Enpoct (Landmat) við þróun farsímalausna.



### Einar Birgir Einarsson

er hugbúnaðarsérfræðingur á Microsoft lausnasviði. Einar útskrifaðist sem tölvunarfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík sl. vor. Hann vann lokaverkefni sitt fyrir Opín kerfi sl. vetur sem fjallaði um samþættingu Microsoft CRM og Microsoft SharePoint.



### Erling Örn Magnússon

mun hafa yfirumsjón með ábyrgðar- og varahlutamálum á Ráðgjafar- og þjónustusviði. Erling er viðskiptafræðingur af vörustjórnunarsviði og hefur síðustu ár starfað hjá Byko, nú síðast sem aðstoðarverslunarstjóri lagnaðeildar Byko.



### Helgi Sigurðsson

er sérfræðingur á Ráðgjafar- og þjónustusviði Opinna kerfa. Hann starfaði hjá Opnum kerfum á árunum 1999-2005 en undanfarandi ár hjá Hagstofu Íslands. Helgi er kerfisfræðingur að mennt og er sérfræðingur í Manage-Soft.



### Hólmfríður Sædal Sigtryggisdóttir

er nýr starfsmaður í móttöku Opinna kerfa. Hún er skrifstofutæknir frá Tölvuskóla Reykjavíkur. Hólmfríður starfaði áður í Stekkjarás leikskóla, Tónskóla Eddu Borg og hjá Hitaveitu Suðurnesja.



### Íris Kristjánsdóttir

er Microsoft ráðgjafi á Sölusviði Opinna kerfa. Hún lauk B.Sc. gráðu í viðskiptafræðum frá Háskólanum í Reykjavík síðastliðið vor. Íris rak áður bakari og kaffihús í Hafnarfirði.



### Magnea Guðný Hjálmarsdóttir

sinnir ábyrgðar- og varahlutamálum á Ráðgjafar- og þjónustusviði. Hún er kennaramenntuð B.Ed. og hefur síðustu ár kennt við Fossvogsskóla.



### Magnús Ómarsson

er nýr starfsmaður á lager Opinna kerfa. Hann hefur undanfarin ár rekið dekkjaverkstæði í Hafnarfirði, þar á undan vann hann hjá Degi Group í fimm ár við ýmis störf, meðal annars sölumaður í BT, á lager og í útkeyrslu.



Við bjóðum nýja starfsmenn velkomna til starfa.

...Nýjar vörur...Nýjar vörur...Nýjar vörur...Nýjar vörur...

## Þráðlaust höfuðtöl frá GN Netcom

GN 9350 er nýtt og glæsilegt þráðlaust höfuðtöl frá GN Netcom.

Tólið byggir á DECT staðli sem þýðir að drægni tólsins er mjög góð eða um 50 metrar innanhúss. Nýjung í þessu höfuðtöli er að bæði er hægt að tengja það beint við símtæki viðkomandi sem og við tölvu starfsmanns noti hann tölvusíma samhliða símtækinu sínu. Þetta er hægt að gera samhliða. Tvær rafhlöður fylgja höfuðtölinu sem báðar má hlaða samfimis en



endingartími hvorrar rafhlöðu er um 8 klst. í tali. Allar stillingar eru mjög einfaldar og eru framkvæmdar á litlum LED skjá. Eins og myndin ber með sér er hönnun þessa höfuðtöls mjög svo glæsileg.



## Gagnaskanni sem skannar einnig nafnspjöld



HP ScanJet 7800 er gagnaskanni sem er með 50 bls. sjálfvirkum matara. Hann skannar allt að 25 bls. á mínútu og 50 bls. á mínútu með sjálfvirkri tvíhliðaprentun. Skanninn getur skannað mismunandi pappírsgærðir, eins og A4, A5 og nafnspjöld. Mögulegar pappírsgærðir eru auk pappírsmal, miðar, nafnspjöld og plöstuð kort. Skanninn er með marga flýtihnappa.



[www.ok.is/fyirtaeki/vorur](http://www.ok.is/fyirtaeki/vorur)

## HP Officejet 4355 fjölnotatæki

HP hefur sent frá sér nýtt fjölnotatæki með HP Thermal Inkjet tækninni, sem prentar-skannar-fjölfaldar og faxar. Prentarinn prentar allt að 20 bls. á mínútu í svörtu og allt að 14 bls. í lit. Upplausnin er 1200x1200dpi í svörtu, 4800x1200dpi í lit og litatækni er Photoret III, Photoret IV með ljósmyndahylki.



## HP Designjet 9000s

Þessi nýi prentari úr Designjet línu HP er sá hraðasti í hópi þeirra sem prenta merkingar og spjöld til notkunar utandyra. Hann gerir fyrirtækjum kleift að prenta eigið auglýsingaefni á auðveldan og hraðvirk-an máta. Það gefur möguleika á sparnaði ásamt því að auka þjónustu við viðskiptavinum.

Prenthraði:

- Hámarksgæði er 8,17 fermetrar litmynd á vinyl efni á klukkutíma
- Venjuleg gæði 16,35 fermetrar, litmynd á vinyl efni á klukkutíma.
- Minnstu gæði 20,4 fermetrar, litmynd á vinyl efni á klukkutíma.

- Hraðprentun 20,9 fermetrar, litmynd á vinyl efni á klukkutíma



...Nýjar vörur...Nýjar vörur...Nýjar vörur...Nýjar vörur...

# Skólarnir velja HP dx5150 borðtölvu



HP dx5150 borðtölvun hefur verið valin í fjölmarga skóla hér á landi. Við ákváðum að heyra í kerfisstjórum skólanna og kanna af hverju þessi tölva varð fyrir valinu.

## Grundaskóli á Akranesi

Elís Þór Sigurðsson er kerfisstjóri Grundaskóla á Akranesi, en þeir völdu HP dx5150 borðtölvur þegar þeir endurnýjuðu um þriðjung tölvu skólans á dögnum. „Við buðum út tölvurnar og fengum fjögur formleg tilboð og tókum hagkvæmasta tilboðinu,” segir Elís. „Hagstæðasta tilboðið var ekki endilega það lægsta, en við mat er tekið tillit til verðs og gæða. Við erum með í skólanum um 140 tölvur og skiptum út þriðjungi á hverju ári,” segir Elís en skólinn er með búnaðinn á fjármögnunarsamningi. Hann segir það koma mun betur út, auk þess að geta skipt búnaðinum út eða keypt hann á hrakvirði í lok tímabilsins. Hann segir dx5150 borðtölvuna koma mjög vel út. „Miðað við verð býður hún upp á marga möguleika, er létt og virkar mjög vel.”



um auk þess vera áfram í fjármögnun. Því ákváðum við að halda okkur við búnað sem við þekkjum,” segir Óskar.

## Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Nemendur í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði munu einnig sjá nýjar HP dx5150 borðtölvur í haust. Axel P. Gylfason kerfisstjóri í Flensborg, segir aðalkost HP vera þjónustan. „Það er gott að skipta við fyrirtæki sem er nógu stórt til að bregðast við ef eitthvað kemur upp. Þessi stærðarhagkvæmni og breitt vöruúrval skiptir mjög miklu máli, auk þess sem ég vil helst hafa sem einsleitasta umhverfi,” segir Axel. „Þessi borðtölva smellpassar í umhverfið og að sjálfsgöðu skipta vörugæðin miklu máli.”

## Um HP dx5150

HP dx5150 er öflugur valkostur fyrir flest fyrirtæki og stofnanir enda um afkastamikla og hljóðláta tölvu að ræða sem tekur lítið pláss vegna hönnunar sinnar. Tölvun er búin öflugum AMD Athlon 64bit örgjörva og er því búin undir næstu næstu kynslóðar 64bit hugbúnað. Með tölvunni fylgir einnig HP Protect Tools sem er blanda af vélbúnaðar og hugbúnaðarlausn sem eykur öryggi tölvu og gagna.

## Borgarhólsskóli á Húsavík

Borgarhólsskóli á Húsavík var einnig að endurnýja borðtölvur skólans. Óskar Birgisson, kerfisstjóri skólans segir ástæðu þess að þeir völdu HP dx5150 vera þá að þeir hefðu mjög góða reynslu af HP tölvum. „Við leituðum víða, en höfum áður verið með HP tölvur og höfðum góða reynslu af þeim,” segir Óskar. „Við vild-

# Ný HP Compaq fartölvulína

Ný fartölvulína frá HP Compaq kom á markað nú í ágúst. Um er að ræða níu mismunandi gerðir fartölva. HP Compaq nx línan hentar vel fyrir minni fyrirtæki og heimili, og HP Compaq nc og nw fartölvulínan er sniðin fyrir stærri fyrirtæki og kröfuharða notendur.

Ýmsar nýjungar er að finna í nýju línunni og má þar helst nefna nýja örgjörvatækni en nánast allar fartölvurnar eru nú búnar Intel Core Duo örgjörvum ásamt því að allar tölvurnar hafa nú SATA diskstýringu fyrir hörðu diskana.



Öryggi hefur verið aukið til muna, sér í lagi í nc línunni. Nánast allar nc fartölvurnar hafa nú TMP öryggiskubb ásamt tengingu við harða diskinn, fingrafaralesara og Smart Card lesara. Hægt að að læsa nc fartölvunum á allt að fimm mismunandi vegu samtímis.

Nú er fánæg í HP Compaq nx línunni glæsileg fartölva með 17" skjá og lykklaborð í fullri stærð og með talnaborði. Frábær fartölva hvort sem er í fyrirtækjavinnslu sem arftaki borðvélar eða sem heimilis-, skóla- og fartölva til að spila tölvuleiki á.

Öll nýja fartölvulínan ber að sjálfsgöðu þriggja ára ábyrgð, nx línan með þriggja ára Evrópuábyrgð og nc/nw með þriggja ára alþjóðlegri HP ábyrgð.

[www.fartolnur.is](http://www.fartolnur.is)

# Nýir starfsmenn

Steinnun Laufdal Ólafsdóttir er nýr starfsmaður í móttöku Opinna kerfa. Steinnun lagði stund á nám í hótélstjórnun og frönsku. Hún starfaði áður í móttöku Allra handa.



## Valdimar Einarsson

er Microsoft sérfræðingur á Ráðgjafar- og þjónustusviði. Hann mun sjá um allhliða kerfis-, rekstrar- og netþjónustu ásamt ráðgjöf. Valdimar er rafeindavirki frá Iðnskólanum í Reykjavík, auk þess sem hann hefur lokið fjölmörgum Microsoft og Cisco námskeiðum. Valdimar starfaði áður hjá Iceland Seafood.



Við bjóðum nýja starfsmenn velkomna til starfa.

# Microsoft Dynamics CRM morgunfundur

Microsoft Dynamics CRM hefur hlotið mikla athygli og afar góðar viðtökur frá því það kom fyrst á markað árið 2003. Í lok síðasta árs gaf Microsoft út nýja útgáfu af hugbúnaðnum, útgáfu 3.0 sem inniheldur verulegar endurbætur og stóruakna virkni frá fyrri útgáfu og gerir Dynamics CRM að einu öflugasta viðskiptatengslakerfi á markaðinum. Um leið voru kynntar breytingar á leyfisuppbyggingu sem einfalda leyfismál verulega og gerir Microsoft Dynamics CRM að mjög aðgengilegri lausn fyrir lítil fyrirtæki á sama tíma og það mætir þörfum stórfyrirtækja.

Opin kerfi og Microsoft Ísland blésu nýlega til morgunfundar undir yfirskriftinni „Þekktu þinn viðskiptavin“ þar sem sérfræðingar Opinna kerfa og Microsoft fóru yfir virkni Microsoft Dynamics CRM frá ýmsum hliðum með hliðsjón af þeim breytingum sem komu í kjölfar nýrrar útgáfu. Sigurjón Páll Kolbeins ráðgjafi og verkefnastjóri hjá Opnum kerfum hóf morgunfundinn á því að fara yfir uppbyggingu, virkni og þá möguleika sem Microsoft Dynamics CRM býður upp á og sýndi jafnframt þátttakendum nokkur lífandi dæmi um notkun kerfisins. Árni Þór Jónsson forstöðumaður Microsoft lausna hjá Opnum kerfum fjallaði um reynslu Opinna kerfa af innleiðingu á Microsoft Dynamics CRM hjá KB banka, B&L, Húsasmíðjunni, Straumi-Burðarás, Intrum Justitia og Opnum kerfum og fór yfir þá áhrifaþætti sem stuðla að árangursríkri innleiðingu. Björn Eilertsen sölustjóri Microsoft Dynamics CRM fjallaði svo að lokum um framtíðarsýn Microsoft í þróun Microsoft Dynamics CRM og þá miklu áherslu sem Microsoft setur á þennan málaflokk.

Nánari upplýsingar um Microsoft Dynamics CRM veitir Árni Þór Jónsson, forstöðumaður Microsoft lausna hjá Opnum kerfum, arnithor@ok.is eða í s. 570 1000.



# Í stuttu máli

## HP Technology Forum Houston

HP Technology Forum ráðstefnan verður haldin í Houston, Texas, 18.–21. september 2006 og verðum við að venju með hópferð.

HP Technology Forum er tækniráðstefna sem HP heldur fyrir viðskiptavinum og samstarfsfyrirtæki. Hægt verður að skoða lausnir og sækja námskeið, auk þess að sitja fjölda fyrirlestra og kynna hvernig fjárfesting í HP lausnum getur borgað sig.

Um er að ræða stærstu HP tækniráðstefnu ársins með um 200 „hands-on-labs“, yfir 400 „break-out sessions“ og pallborðsumræðum. Að auki gefst frábært tækifæri til að kynna þúsundum annarra starfsmanna í upplýsingatæknigeiranum. Kynntar verða ýmsar tæknijungar.

[www.hptechforum.com](http://www.hptechforum.com)



## Breytingar á heimasíðu Opinna kerfa

Ný heimasíða Opinna kerfa ehf., [www.ok.is](http://www.ok.is) var tekinn í notkun í júní síðastliðnum. Vefurinn tók ýmsum breytingum, bæði sýnilegum og ósýnilegum. Nýtt markhópatengt útlit og breytt framsetning vöruframbóðs Opinna kerfa vekja eflaust mesta athygli, auk öflugrar leitarvél. Opin kerfi fengu til ráðgjafar Nordic eMarketing.

Á forsiðu heimasíðunnar eru 12 árstíða-bundnar landslagsmyndir, þrjár fyrir hverja árstíð sem Thorstem Henn ljósmyndari tók.

Samhliða þessum breytingum hefur verið unnið að því að breyta og bæta öðrum vefum á vegum Opinna kerfa, sem notendur ættu að taka eftir á næstu vikum.

## OPIN KERFI

OPIN KERFI 3. töl. 17. árg. ágúst 2006

Útgefandi: Opin kerfi ehf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík,

Sími: 570-1000, Bréfasími: 570-1001, Vefang: [ok@ok.is](mailto:ok@ok.is)

Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnason ([gylfi@ok.is](mailto:gylfi@ok.is))

Ritstjóri: Halldóra Matthíasdóttir ([halldora@ok.is](mailto:halldora@ok.is))

Ljósmyndir: Jón Svavarsson, Motiv mynd, o.fl.

Umbrot og prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.

Fréttabréfið fór í prentun þ. 23.08.2006

Einnig er fréttabréfið birt á myndformi á heimasíðu Opinna kerfa [www.ok.is](http://www.ok.is). Frjálst er að nota efni úr fréttabréfinu í heild sinni eða að hluta ef heimildir er getið.

# Tölvuvinna tengd Cisco skemmtileg

– segir Katarina Sebic Coti, sem er Cisco ráðgjafi á Ráðgjafar- og þjónustusviði Opinna kerfa

Opin kerfi fengu frábæran liðsaka í hóp Cisco sérfræðinga fyrr á árinu með Katarínu Sebic Coti. Katarína er ekki eingöngu með Cisco gráðurnar CCNP (Cisco Certified Network Professional) og CCNA (Cisco Certified Network Associated) heldur að auki kennsluréttindi Cisco CCAI (Academic Instructor) og er eftir því sem vitað er sú eina hérlendis.

### Rólegt á Íslandi og minna stress

Katarína hefur starfað sem Cisco ráðgjafi og kennari undanfarin fjögur ár. Hún kemur frá Króatíu og tók masterspróf í matvælaværfræði í háskólanum í Zagreb. Fljótlega bætti hún við sig forritunarnámi og hóf kennslu. „Ég bjóst nú ekki við því að nokkuð tengt tölvum yrði starfsvið mitt en því betur sem ég kynnist þeim, og ég tala nú ekki um Cisco, þá var bara ekki

aftur snúið. Þetta er svo skemmtileg,” segir Katarína. Hún kom upphaflega til Íslands í heimsókn vegna starfs eiginmanns síns, en hann er útíbússtjóri fyrir króatískt fyrirtæki sem starfar hérlendis vegna háspennulagna. „Það er svo rólegt hérna, lítil bílaumferð og minna stress en ég er vön, svo það getur vel verið að við verðum lengur en við áætluðum á Íslandi“.

### Undirbúningsnámskeið fyrir CCNA og öryggisnámskeið

Katarína er ráðgjafi á Ráðgjafar- og þjónustusviði Opinna kerfa og kennir að auki nokkur námskeið. Í haust verður hún meðal annars með námskeið fyrir þá sem eru að búa sig undir að taka CCNA gráðu og Cisco security námskeið. „Námskeiðin eru fyrir þá sem hyggjast taka CCNA prófið og alla aðra sem vilja kynna eða læra meira um netkerfi. Oft koma starfsmenn viðskiptavina sem vilja auka við sig þekkingu eða háskólanemar sem vilja kynna Cisco. Við ætlum að leggja meiri áherslu á að nota „hands-on“ kennsluáferð sem ég tel vera bestu leið til að læra, en við verðum að sjálfsögðu einnig með bóklegt nám.“



## Námskeið haust 2006

Nr. Námsk.	Námskeið	Kennari	Lengd í dögum	Verð án vsk.	Dags.
<b>Linux námskeið</b>					
RH033	Linux grunnur	Richard Allen	4	166.000	11.-14. sept.
RH133	Linux kerfisstjórnun	Richard Allen	4	166.000	5.-6. og 11.-12. okt.
RH202	RHCT próf	Richard Allen	0,5	35.500	13. okt.
RH253	Linux netumsjón og öryggi	Richard Allen	4	166.000	6.-9. nóv.
RH302	RHCE próf	Richard Allen	1	75.000	10. nóv.
RH300	Hraðnámskeið + RHCE próf	Richard Allen	5	241.000	11.-15. des.
<b>Microsoft námskeið</b>					
MS016	Implementing and Administering Microsoft IIS 6.0	Hjörleifur Kristinsson	3	120.000	6.-8. Sept.
MS017	ISA Server	Hjörleifur Kristinsson	1	40.000	23. nóv.
<b>Cisco námskeið</b>					
CS005	Grunnur í netkerfum, undirbúningsur fyrir CCNA	Katarína Sebic Coti	14	390.000	18.sept. - 31. okt.
CS006	Cisco öryggisnámskeið	Katarína Sebic Coti	2	75.000	20.-21. nóv.

OPIN KERFI Fyrirspurnum svarað í síma 570 1000 og tölvupósti [inga@ok.is](mailto:inga@ok.is)  
Skoðið vefinn [www.ok.is/fyrirtaeki/namskeid](http://www.ok.is/fyrirtaeki/namskeid)

